

Íslenzkar stúlkur

Kjartan Ó. Bjarnason gerði kvikmyndina *Íslenzkar stúlkur* þar sem má sjá konur og stúlkur um allt land við ýmis störf um miðja 20. öld. Horfið á myndina hér (mínútur 17:50 – 20:54): <https://www.islandpaafilm.dk/is/film/kjartan-o-bjarnason-kvikmyndir-3>

Ræðið eftirfarandi punkta og skrifið greinagerð.

1. Hvers konar störf sjáum við konur vinna?
2. Hvernig vinna þær störf sín? Í hvernig fötum eru þær við vinnu sína?
3. Kjartan sýndi myndir sínar víða, t.d. í Danmörku. Hvað haldið þið að hann hafi viljað sýna með þessum myndum? Hver var ætlun hans?
4. Skoðið leikstjórnina. Er eitthvað sem ykkur sýnist vera meira leikstýrt en náttúrulegt? T.d. hvernig konurnar í byrjun leiðast, ætli það hafi verið að beiðni leikstjórans eða ætli það hafi verið venjulegt fyrir þær?
5. Setjið myndina í samhengi við nútímann. Sjáið þið fyrir ykkur konur í sömu/svipuðum störfum í dag? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
6. Ímyndið ykkur að þið séuð að fara að gera mynd sem heitir *Íslenskar konur*. Það á að sýna myndina víða um heim. Hvað mynduð þið sýna? Færuð þið svipaða leið og Kjartan? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

Rennið í gegnum myndina *Ísland í lifandi myndum* frá 1925. Hvernig birtast kynjahlutverkin þar? Hvaða störf vinna karlar og konur? Eru einhver störf sem blandaðir kynjahópar sinna? Hvernig birtast þessi störf öðruvísi í þessari mynd en í *Íslenskum stúlkum*?

<https://www.islandpaafilm.dk/is/film/island-i-lifandi-myndum>